

# Samstarfssamningur Ísafjarðarbæjar og Geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafls

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Vesturafli, Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

## 1. gr. Hlutverk

Hlutverk Geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafls í samningi þessum er að tryggja íbúum Ísafjarðarbæjar þjónustu. Í því felst meðal annars að vera til staðar, rjúfa félagslega einangrun, efla sjálfstraust og ábyrgð einstaklinga, auka færni til samskipta o.fl.

Hlutverk Ísafjarðarbæjar í samningi þessum er að tryggja að íbúum sem lögheimilisfesti eiga í Ísafjarðarbæ sé veitt þjónusta á grundvelli framangreinds. Þannig verði unnið markvisst að eflingu einstaklinga og þeir verði m.a. undirbúnir til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

## 2. gr. Markmið og verkefni

Markmið Vesturafls er að gefa öllum íbúum sveitarfélagsins tækifæri til samfélagslegrar þátttöku á eigin forsendum. Til þess að mæta þörfum hvers og eins mun Vesturafli vinna í samvinnu við aðra þjónustuaðila í sveitarfélaginu s.s. velferðarsvið Ísafjarðarbæjar, Starfsendurhæfingu Vestfjarða, VIRK og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Starf Vesturafls miðar að því að þjálfa einstaklinga í að nýta styrkleika sína og styrkja veikleika. Starfseminni er ætlað að efla geðheilsu notenda, bæta sjálfsmynd þeirra og hvetja þá til sjálfseflingar.

## 3. gr. Um samninginn

Samningi þessum er ætlað að festa í sessi árlegt framlag Ísafjarðarbæjar til Geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafls. Samningnum er jafnframt ætlað að skýra og skilgreina þá þjónustu sem Vesturafli veitir þeim sem lögheimilisfesti eiga í Ísafjarðarbæ.

## 4. gr. Rekstrarstyrkir

Ísafjarðarbær hefur veitt Vesturafli styrk frá stofnun þess, í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir kr. 7.294.927,- í rekstrarstyrk til Vesturafls með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, samkvæmt reikningi. Upphæðin breytist hinn 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysliverðs.

**5. gr.**  
**Rekstrar- og starfsskýrsla**

Ísafjarðarbær fær afhenta ársskýrslu Vesturafls, ásamt ársreikningi, eigi síðar en 30. júní ár hvert.

**6. gr.**  
**Gildistími**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2019 til og með 31. desember 2021 en er uppsegjanlegur á tímabilinu með sex mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Komi til framlengingar að þremur árum liðnum skal taka mið af mannfjöldatölum í sveitarfélögunum þremur sem koma að samningnum. Þannig taki Ísafjarðarbær hlutfallslegan þátt í heildarstyrkupp hæð sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps.

Ísafirði \_\_\_\_\_ 2019

\_\_\_\_\_  
F.h. Ísafjarðarbæjar Guðmundur Gunnarsson

\_\_\_\_\_  
F.h. Vesturafls Harpa Guðmundsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun

\_\_\_\_\_  
kt.

\_\_\_\_\_  
kt.